

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/108****2016/EES/44/11****frá 27. janúar 2016****um að samþykkja ekki 2-bútanon, peroxíð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í  
sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (1), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 (2) er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir 2-bútanon, peroxíð.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 hefur Efnastofnun Evrópu tilkynnt framkvæmdastjórninni að allir þátttakendur hafi hætt þátttöku í endurskoðunaráætluninni fyrir 2-bútanon, peroxíð til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2.
- 3) Því ætti ekki að samþykkja 2-bútanon, peroxíð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

2-bútanon, peroxíð (EB-nr. 215-661-2, CAS-nr. 1338-23-4) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2.

*2. gr.*Ákvörðun þessi oðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. janúar 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).